

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi eystra.

Syðsta-Mörk - nýtt deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 12. desember 2024 deiliskipulagstillögu að Syðstu-Mörk, L163803. Deiliskipulagstillagan gerir ráð fyrir 18 lóðumþar sem heimilt verður að byggja einnar hæðar íbúðarhús með bílskúr, allt að 450 m² að stærð ásamt 100 m² vinnustofu eða gróðurhúsi. Hönnun mannvirkja skal taka mið af aðstæðum í umhverfinu. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Hlíðarvegur 17, Sýslumannstún - breyting á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti 13. febrúar 2025 breytingu á deiliskipulagi fyrir Sýslumannstún eða Hlíðarveg 17, L164255. Með deiliskipulagsbreytingunni verður heimilt að byggja við íbúðarhúsið ásamt því að bæta við aukahúsi á byggingarreit E2. Mænishæð er í samræmi við núverandi hús og heimilt er að gera kjallara. Skipulagssvæðið minnkar meðfram Hlíðarvegi og Nýbýlavegi. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 3. apríl 2025.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,

Þóra Björg Ragnarsdóttir, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 4. apríl 2025